

Reglugerð um innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2008 frá 20. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 802/2004, um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2009, frá 22. október 2009, gildir eftirtalin ESB-gerð hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIV. viðauka við EES-samninginn, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2008 frá 20. október 2008, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 802/2004, um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2008, frá 20. október 2008, er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8 frá 5. febrúar 2015, bls. 927-936.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004, frá 7. apríl 2004, er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8, frá 5. febrúar 2015, bls. 888-926.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 6. apríl 2018.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingi Már Pálsson.

Heimir Skarphéðinsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.